



Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt áttunda fund sinn 9. desember í Víkurskóla.

Um áramót verða ábyrgðarskil á verkefninu. Þá mun Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri taka við stjórn þess. Á þessum fundi var því farið yfir verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi og staða þeirra rædd. Hópurinn mun starfa til 15. júní 2012.

Nafnanefnd lauk störfum sínum í byrjun desember og skóla- og frístundaráð samþykkti tillögu hennar um nafnið Kelduskóli 14. desember sl.

Eins og fram kemur í rökstuðningi nafnanefndarinnar er lagt til að annað skólahúsið beri nafnið Korpa og hitt Vík. Á fundi stýrihópsins var rætt um nauðsyn þess að merkja skólahúsin fljótt með nafni til að forðast misskilning þar sem skólinn hefði fengið nýtt nafn.

Upplýsingar um sameinaðan skóla og nýja nafnið verða sendar ýmsum aðilum í hverfinu s.s., íþróttafélögum, leikskólum, tónlistarskólum, kirkjunni og fl. Ákveðið var að skóla- og frístundasvið sendi fréttatilkynningu í Grafarvogsblaðið og til allra sem málið varðar á einhvern hátt. Einnig munu starfsmenn sviðsins sjá um tilkynningar til opinberra aðila svo sem slökkviliðs, framkvæmdasviðs, ráðuneytis og fl.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði (Menntasviði) en frá áramótum mun skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir